

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – apríl 2007

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrsta ársþriðjung ársins 2007 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 36,7 milljarða króna innan ársins, sem er 12,4 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman mun hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust 24,3 milljörðum hærri en í fyrra en gjöldin jukust um 13,4 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 4,8 milljarða króna sem er 17 milljörðum lakara en á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 milljarða kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

**Lántökur** ársins nema 46 milljörðum króna og hækka um tæpa 40 milljarða milli ára. Þar munar mest um 26,9 milljarða lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá voru 1,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum batnaði um 17,5 milljarða króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

### *Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar –apríl 2007*

	Í milljónum króna				
	2003	2004	2005	2006	2007
Innheimtar tekjur	91 224	91 117	114 301	124 598	148 904
Greidd gjöld	83 693	91 818	103 202	100 458	113 852
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>7 531</b>	<b>- 701</b>	<b>11 099</b>	<b>24 140</b>	<b>35 052</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-10 720	-	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	710	908	1 993	207	1 684
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-2 479</b>	<b>207</b>	<b>13 092</b>	<b>24 347</b>	<b>36 736</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>14 900</b>	<b>365</b>	<b>7 518</b>	<b>-2 478</b>	<b>-31 952</b>
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður</b>	<b>12 421</b>	<b>536</b>	<b>19 356</b>	<b>21 869</b>	<b>4 785</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-5 642</b>	<b>-25 018</b>	<b>-29 826</b>	<b>-31 685</b>	<b>-32 024</b>
Innanlands	-4 932	-3 170	-13 607	-9 179	-20 915
Erlendis	- 710	-21 848	-16 219	-22 506	-11 109
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-2 500</b>	<b>-2 500</b>	<b>-1 200</b>	<b>-1 320</b>	<b>-1 320</b>
<b>Lánsfjárjöfnuður, brúttó</b>	<b>4 279</b>	<b>-26 982</b>	<b>-11 670</b>	<b>-11 136</b>	<b>-28 559</b>
<b>Lántökur</b>	<b>- 550</b>	<b>32 004</b>	<b>13 949</b>	<b>6 456</b>	<b>46 052</b>
Innanlands	9 141	11 618	2 169	2 910	41 661
Erlendis	-8 591	20 386	11 780	3 545	4 391
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>4 657</b>	<b>5 022</b>	<b>2 279</b>	<b>-4 680</b>	<b>17 493</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins námu 149 milljörðum króna. Það er rúmum 24 milljörðum meira en í fyrra eða 22,7% aukning tekna milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 138 milljörðum og jukust um 24 milljarða milli ára eða 14,2% að raunvirði (þá er tekjuskattur lögaðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Þar af námu skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila 58 milljörðum og jukust um 23,4% að raunvirði milli ára. Tekjuskattur einstaklinga nam 30 milljörðum, tekjuskattur lögaðila tæpum 8 milljörðum og fjármagnstekjuskattur tæpum 21 milljarði króna. Innheimta fjármagnstekjuskattsins fer að mestu leyti fram í janúar ár hvert og innheimtust 20 af 21 milljarði í janúarmánuði. Innheimta veltuskatta nam tæpum 62 milljörðum á tímabilinu, 9 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra, sem samsvarar 9,3% aukningu umfram verðbólgu. Innheimt tryggingagjöld námu 13 milljörðum. Innheimta veltuskatta hefur tekið við sér aftur á síðustu mánuðum. Breyttar reglur um gjalddaga virðisaukaskatts (sem er um tveir þriðju hlutar veltuskattanna) hamla þó enn samanburði á skemmri tímabilum innan ársins. Miðað við hreyfanlegt 6 mánaða meðaltal er raunvöxtur veltuskatta í heild milli ára nú 6,2%.

### **Tekjur ríkissjóðs janúar –apríl 2007**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>101 914</b>	<b>117 173</b>	<b>138 420</b>	<b>21,0</b>	<b>15,0</b>	<b>18,1</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>35 629</b>	<b>47 734</b>	<b>58 370</b>	<b>18,0</b>	<b>34,0</b>	<b>22,3</b>
Tekjuskattur einstaklinga	22 963	25 759	29 985	9,5	12,2	16,4
Tekjuskattur lögaðila	3 024	8 076	7 678	2,5	167,0	-4,9
Skattur á fjármagnstekjur	9 641	13 899	20 707	53,7	44,2	49,0
<b>Eignarskattar</b>	<b>5 109</b>	<b>3 621</b>	<b>3 596</b>	<b>64,4</b>	<b>-29,1</b>	<b>-0,7</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>49 764</b>	<b>53 000</b>	<b>61 601</b>	<b>19,7</b>	<b>6,5</b>	<b>16,2</b>
Virðisaukaskattur	34 457	35 906	44 627	20,8	4,2	24,3
Vörugjöld af ökutækjum	2 890	4 112	2 652	70,1	42,3	-35,5
Vörugjöld af bensíni	2 760	2 812	2 855	5,4	1,9	1,5
Skattar á olíu	2 422	2 021	2 310	16,4	-16,6	14,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3 238	3 397	3 549	4,7	4,9	4,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3 997	4 754	5 606	12,3	18,9	17,9
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>956</b>	<b>886</b>	<b>1 431</b>	<b>11,3</b>	<b>-7,3</b>	<b>61,4</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>221</b>	<b>232</b>	<b>324</b>	<b>.</b>	<b>5,1</b>	<b>39,5</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>10 236</b>	<b>11 699</b>	<b>13 099</b>	<b>23,1</b>	<b>14,3</b>	<b>12,0</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>186</b>	<b>253</b>	<b>355</b>	<b>40,3</b>	<b>36,2</b>	<b>40,4</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>12 131</b>	<b>7 153</b>	<b>9 560</b>	<b>79,1</b>	<b>-41,0</b>	<b>33,7</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>70</b>	<b>19</b>	<b>568</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>114 301</b>	<b>124 598</b>	<b>148 904</b>	<b>25,4</b>	<b>9,0</b>	<b>19,5</b>

**Greidd gjöld** ríkissjóðs námu 113,9 milljörðum króna í janúar-apríl og jukust um 13,4 milljarða frá fyrra ári, eða 13,3%. Mest munar um greiðslur almannatrygginga sem hækka um 3,6 milljarða. Þá hækka greiðslur til heilbrigðismála um 2,3 milljarða og til almennrar þjónustu um tæpa 2 milljarða. Greiðslur til menntamála hækka um 1,3 milljarða en aðrir málaflokkar hækka minna.

### Gjöld ríkissjóðs janúar –apríl 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	19 597	13 250	15 218	-32,4	14,9
þar af vaxtagreiðslur	11 652	4 072	4 766	-65,1	17,0
Varnarmál	107	208	188	94,3	-9,6
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	3 539	4 247	5 211	20,0	22,7
Efnahags- og atvinnumál	8 300	12 072	14 557	45,4	20,6
Umhverfisvernd	757	895	1 120	18,3	25,1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	124	140	146	12,8	4,7
Heilbrigðismál	25 343	26 858	29 180	6,0	8,6
Menningar-, íþróttá- og trúmál	4 546	4 748	5 717	4,4	20,4
Menntamál	10 659	11 826	13 167	10,9	11,3
Almannatryggingar og velferðarmál	20 691	23 103	26 660	11,7	15,4
Óregluleg útgjöld	2 283	3 111	2 687	36,3	-13,6
<b>Gjöld alls</b>	<b>95 946</b>	<b>100 458</b>	<b>113 852</b>	<b>4,7</b>	<b>13,3</b>